

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 40/2020

frá 20. mars 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/853 frá 30. maí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB og 2009/31/EB og tilskipunum ráðsins 86/278/EBE og 87/217/EBE að því er varðar reglur um málsmeðferð á sviði skýrslugjafar um umhverfismál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 91/692/EBE ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun (ESB) 2018/853 fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/692/EBE ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 8. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„breytt með:

- **32018 D 0853:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/853 frá 30. maí 2018 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 155).“

2. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við 18. lið (tilskipun ráðsins 87/217/EBE) og 32. lið (tilskipun ráðsins 86/278/EBE):

- „– **32018 D 0853:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/853 frá 30. maí 2018 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 155).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 155.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB) og lið 32fh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013):

„, breytt með:

- **32018 D 0853**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/853 frá 30. maí 2018 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 155).“

3. Texti liðar 1c (tilskipun ráðsins 91/692/EBE) fellur brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2018/853, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.